


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	HTL 404	Námsáætlun vorönn 2016

Kennari	Sveina Björk Jóhannesdóttir Þóra Björg Eiríksdóttir	Sk.st.	SBJ BPE
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Haldið er áfram frá fyrri áfanga HÖTE2LP10 í litun efna með ólíkum aðferðum. Lögð verður áhersla á áferð efna og yfirborðshönnun þeirra. Farið verður í frjálsa útsaumstækni, bæði í höndum og í vél. Farið verður í hugmynda- og skissuvinnu fyrir bútasaum og undirstöðuatriði hans kennd. Nemandinn vinnur allar prufur áfangans í tengslum við grunnhugmynd. Nemandinn vinnur hugmynda- og prufumöppu ásamt dagbók yfir vinnu sína í áfanganum. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig frjáls útsaumur er notaður bæði á hagnýtan og listrænan hátt
- hvernig bútasaumur er notaður bæði á hagnýtan og listrænan hátt
- hvernig ein grunnhugmynd getur átt sér margar útfærslur
- notkunnarmöguleikum fagblaða og bóka
- ýmsum aðferðum við að gera áferð á efni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna frjálsan útsaum bæði í vél og höndum
- vinna hugmynd að útfærslu á hönnun á verki í tengslum við hráefni og aðferð
- vinna með form, liti og áferðir
- nota skurðarstíku, skurðarmottu, skurðarhníf og fleira
- nota form og munstur í eigin hönnun á skapandi hátt
- setja saman efni og garn/tvinna í samræmi við hugmynd

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir sínar með skissuvinnu og tilraunum og yfirfæra þær í fullbúið verk af öryggi
- skipuleggja vinnu sína og rökstyðja val á hráefnum og vinnuaðferðum
- tileinka sér frumleika og sjálfstæði í vinnubrögðum
- tileinka sér vinnuhagræðingu og nota nýjustu tækni og aðferðir
- meta styrk sinn í textílhönnun og aðferðum textíls og koma auga á hagnýtingu menntunar sinnar
- taka þátt í opinberri sýningu á vegum skólans og miðla þar styrk sínum
- meta, greina og tjá sig um eigin verk og annarra af nokkurri þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi

Námsgögn

Ýmsar textílfagbækur. Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis. Myndbönd með skissuvinnu fyrir útsaum, hugmyndavinnu fyrir bútasaum og útsaum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	HTL 404 Námsáætlun vorönn 2016	

Það sem þarf að eiga
Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, dagbók, kassa/möppu undir prufur, blýanta, gúmihanska eða einnota hanska og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Áætlun um yfirferð

Vika	Viðfangsefni
2-9	Hugmyndavinna, litunaraðferðir, bútasamur
10-14	Hugmyndavinna, handútsamur, vélútsamur
15-19	Lokaverkefnisvinna

Námsmat:

Próflaus áfangi.

Kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat.

-Öll verkefni nemenda eru metin. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á eignum og aðferðum.

-Vinnulag eða ferlisvinna er metin. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, opins hugar, hugvitssemi, nýtingu fyrirmýnda, rannsóknar og ígrundunar.

Litun, yfirborðsáferð	15%
Handútsamur	10%
Vélútsamur	15%
Bútasamur	20%
Lokastykki - hugmynd, þróunarvinna, verk og frágangur	15%
Vinnulag/ferlisvinna	15%
Glósur, skissur, hugmyndavinna, dagbók	10%

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.

Verkefni nemenda eru geymd í eitt ár eftir sýnidag prófa.

Opið hús þar sem nemendur taka á móti gestum og sýna afrakstur annarinnar verður 9. maí kl 17-20

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 05.01.16



Undirritun kennara



Rekstrarhandbók 09, Námsáætlunir


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Prent. dags.: 05/01/2016